



Heilbrigðisráðuneytið

Síðumúla 24

108 Reykjavík

Reykjavík 20. desember 2024

**Efni: Umsögn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga um Lokaskýrslu starfshóps um stefnu og aðgerðir í skaðaminnkun**

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um Lokaskýrslu starfshóps um stefnu og aðgerðir í skaðaminnkun, mál nr.S-234/2024.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) vill koma á framfæri athugasemd varðandi skaðaminnkun sem hluta af heildrænni heilbrigðisþjónustu, en í skýrslunni segir að ekki sé *verið að fjalla um þá heilbrigðisþjónustu sem lýtur að forvörnum, meðferð eða endurhæfingu, enda er það sú heilbrigðisþjónusta sem getur tekið við þegar skaðaminnkun sleppir.*

Á öðrum stað kemur fram stefna og aðgerðir í skaðaminnkun sé ekki aðskilin heildarstefnu yfirvalda í áfengis- og vímuvörnum sem enn sé í mótun. Einnig að ekki sé um aðskildar stefnur að ræða heldur verði víxlverkun þeirra á milli.

Þar sem uppfærð heildarstefna yfirvalda í áfengis og vímuvörnum hefur ekki verið birt hefur Fíh áhyggjur af því að áhersla á skaðaminnkun gangi svo langt að hún skyggi á þá nálgun sem snýr að meðferð og endurhæfingu vímuefnaháðra einstaklinga. Mikilvægt er að jafnvægi ríki milli forvarna, meðferðarúræða og skaðaminnkunar, svo að heilbrigðiskerfið geti tryggt samfellu í þjónustu sinni og veitt einstaklingum raunverulegt val um bætt líf og heilsu.

Fíh þykir miður að heildarstefna um áfengis- og vímuvarnir skuli ekki vera birt samtímis þessari góðu skýrslu, sér í lagi á tímum sem vímuvarnir eiga undir högg að sækja.

Virðingarfyllst,

*Gudbjörg Páskdóttir*

formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga